

Bátafélagið Ægir Stykkishólmi

Stykkishólmi 19. október 2022

Atvinnuveganefnd Alþingis

Efni: Umsögn Bátafélagsins Ægis um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, Þingmál no. 10

Bátafélagið Ægir Stykkishólmi fagnar framkominni þingsályktunartilögu.

Félagið styður heilshugar framkomna umsögn Landsambands smábátæiganda um tillöguna og hefur engu við hana að bæta.

Stjórn Bátafélagsins Ægis.

Reykjavík 14. október 2022

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Stefán Vagn Stefánsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, [10. mál](#).

Landssamband smábátæigenda (LS) fagnar framkominni þingsályktun, að hærra hlutfall heildarafla verði tekið til félagslegra aðgerða, jafnframt að endurskoðuð verði skipting aflamagns innan kerfisins þar sem lögð verður áhersla á strandveiðar, línuviltun og byggðakvóta til dagróðrabáta.

Það er skoðun LS að taka þurfi sérstakt tillit til útgerða smábáta – einyrkja í útgerð – við útfærslu á þeim þremur hundradshlutum sem bætast við þau 5,3% sem ætlað er til félagslegra aðgerða í dag. Framlag þeirra til hækkunar hlutdeildar hefjist þegar leyfilegur þorskaflí nær þrjú hundruð þúsund tonnum, hlutdeild haldist óbreytt þar til því marki er náð. Þá byrji þeir að láta aflahlutdeild frá sér sem verði að fullu náð þegar leyfilegur heildaraflí í þorski nær 330 þúsund tonnum. Framlag þeirra í öðrum tegundum verði með sama hætti, taki mið af leyfilegum heildarafla í þorski.

Reynslan af strandveiðum hefur verið afar góð á öllum sviðum sjávarútvegsins eða eins og eftirfarandi þættir segja til um.

- fjöldi sjómanna hefur fengið tækifæri á að hefja sjálfstæða útgerð
- allar hafnir landsins hafa aftur fengið það hlutverk sem þeim var ætlað
- stóraukið framboð þorsks og ufsa á fiskmörkuðum
- fjöldi þjónustuaðila í landi fengið störf
- sjávarbyggðir endurheimt fagurt mannlíf og stemningu sem fylgir útgerð smábáta.

Breyting var gerð á fyrirkomulagi strandveiða 2018 þar sem horfið var frá veiðikerfi sem deildi aflaviðmiðun niður á svæðin fjögur eftir mánuðum. Þess í stað var ákveðið að leyfilegur fjöldi daga í hverjum mánuði yrði tólf. Með því yrði öryggi sjómanna betur tryggt og meira jafnræðis innan kerfisins. Fyrstu tvö árin (2018 og 2019) dugði ætlað aflamagn til loka strandveiðitímabilsins.

Með vaxandi fiskgengd og fjölgun báta hefur hins vegar ætlað aflamagn ekki dugað. Þar með talið á síðasta sumri þegar veiðar voru stöðvaðar þegar vika var eftir af júlí. Við því

Þjuggust menn ekki þar sem 35 þúsund tonn af loðnu voru á skiptimarkaði Fiskistofu sem óskaði eftir þorski í skiptum. Ígildastuðull loðnu var 0,36 og þó ekki hefði fengist nema þriðjungur stuðulsins af þorski – 4.200 tonn - hefði það dugað til strandveiða út ágúst. Fiskistofa lokaði hins vegar tilboðsmarkaðinum á stuðlinum 0,037 sem gaf aðeins 1.087 tonn. LS gagnrýndi harðlega vinnubrögð stofunnar.

Margar ástæður eru fyrir fjölgun við strandveiðar. Þar má nefna atvinnuleysi sjómanna á skipum þar sem hagræðing hefur fengist með fækkun í áhöfn, kvótaskerðing, heimildir til leigu ekki faltar sem leiðir til ótímabærra stöðvunar, auk breyttra lífshátta þjóðarinnar þar sem gerð er krafa um aukna nærveru foreldra á heimilinu.

Afar brýnt er að samhliða breytingum á lögum um stjórn fiskveiða sem þingsályktuninni er ætlað að ná, fylgi breytingartillaga sem fellir í burtu eftirfarandi ákvæði laganna:

*„Þá skal Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildaraflla, að ufsa undanskildum, verði náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um strandveiðar fyrir hvert ár.“*

Með breytingunni yrði 48 daga strandveiðikerfi tryggt.

LS hefur í nokkur ár beint því til stjórnvalda að auka vægi dagróðrabáta í veiðiheimildum sem eyrnamerkta eru ákveðnum byggðarlögum. Þær heimildir eru í sífellt meira mæli að skila sér til stærri skipa. Betur færi á að skili sér til dagróðrabáta og strandveiða.

Það kann að koma háttvirtri nefnd á óvart hvers vegna LS skuli leggja til að smábátaútgerðin skuli ekki taka þátt í framlaginu samtímis stórútgerðinni. Helsta ástæða þess liggur í að smábátæigendur ollu því ekki að félagslegum aðgerðum var komið á. Óumdeilt er að hagræðing stórútgerðarinnar hefur átt stærstan þátt í að aflaheimildir hinna dreifðu sjávarbyggða hurfu frá þeim. Af þeim sökum er eðlilegt að hluti hagræðingarinnar skili sér til baka. Skoðun LS er því sanngjörn að öllu leiti.

Virðingarfyllt

  
Arthur Bogason formaður

  
Örr Pálsson framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 14. október 2022

## Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 10 á 153. löggjafarþingi

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu svokallaðs félagslega hluta fiskveiðistjórnkerfisins, á þingskjali nr. 10, 10. mál á 153. löggjafarþingi.

Samkvæmt tillögunni skal ráðherra falið að efla svokallaðan félagslega hluta fiskveiðistjórnkerfisins með aukinni hlutdeild í heildarafla, endurskoðun á skiptingu aflamagns innan kerfisins og hlutverki hverrar aðgerðar innan þess. Fram kemur að hlutdeildina skuli auka úr 5,3% í 8,3% af heildarafla.

Það er mikið keppikefli, og um það ríkir samstaða, að reka eigi íslenskan sjávarútveg sem samkeppnishæfa atvinnugrein í fremstu röð á sínu sviði í heiminum og án ríkisstyrkja. Með kvótakerfinu varð grundvallarbreyting á skipulagi íslensks sjávarútvegs. Ábyrgðin á nauðsynlegri hagræðingu var lögð á atvinnugreinina og stærstur hluti hlutdeildar í aflahlutdeildarkerfinu hefur skipt um eigendur síðan kerfinu var komið á. Arðsemi greinarinnar hefur aukist með jákvæðum áhrifum á íslenskt efnahagslíf. Með aflahlutdeildarkerfinu, og með samstöðu um sjálfbæra nýtingu fiskistofna, hefur tekist að byggja upp fjölmörg fyrirtæki í fremstu röð.

Þrátt fyrir framangreint hafa aflaheimildir í gegnum tíðina verið teknar í verulegum mæli af aflahlutdeildarhöfum og þær færðar í mörgum tilvikum til aðila sem áður hafa selt þær frá sér eða að engu leyti til þeirra unnið. Þannig hefur verið gengið á hlut þeirra sem hafa fiskveiðar að aðalatvinnu og tekjumöguleikar þeirra skertir, á meðan öðrum hefur verið ívilnað á sama tíma. Þannig kristallast saga smábátaveiða í gegnum tíðina, þar sem við bætist afli sem þar hefur verið heimilaður til veiða umfram ráðlagðan heildarafla og hefur leitt til þess að minnka það sem hefði komið til skiptanna síðar.

Samtökin hafa ítrekað lýst þeirri afstöðu að strandveiðar hafa t.a.m. ekki styrkt byggð eða treyst atvinnu í sjávarbyggðum. Mörg hundruð bátar eru gerðir út í skamman tíma til að sækja fisk sem auðveldlega mætti sækja með skipum sem gerð eru út í afla- og krókaaflamarkskerfunum. Fiskvinnslufyrirtæki þurfa hráefni allt árið, en strandveiðar geta ekki stuðlað að öruggum eða arðbærum rekstri vegna þess í hve skamman tíma þær standa, einkum með tilliti til þess að strandveiðar eru af stórum hluta stundaðar af aðilum sem hafa ekki fiskveiðar að aðalatvinnu heldur frekar áhugamennsku. Þá er aðstaða til meðferðar afla misjöfn um borð í skipum sem stunda strandveiðar og strandveiðitíminn óheppilegur með tilliti til markaða, vinnslunnar, sumarleyfa og fleira. Jafnframt er sú veiðislóð sem nýtt er til strandveiða ekki til þess fallin að hámarka verðmæti. Reynslan hefur enda sýnt að í mörgum tilvikum eru gæði hráefnis, sem þar berst að landi, ekki sem skyldi. Þar koma til þættir sem nauðsynlegt er að huga mun betur að í ljósi þess að þessi fiskur fer inn í sömu virðiskeðju til útflutnings og annar fiskur og getur þannig skaðað

mikilvæga útflutningshagsmuni. Framhjá þessu verður ekki litið þegar rætt er um hinn svokallaða félagslega hluta. Mikilvægt er að þekkja umfang efnahagslegs og samfélagslegs fórnarkostnaðar af þessum hluta kerfisins.

Það er sömuleiðis afstaða samtakanna að þær ráðstafanir og úthlutanir sem gerðar eru á grundvelli félagslega hluta fiskveiðistjórnarkerfisins, sem 5,3% aflaheimilda ráðstafast til, falla margar hverjar um sig sjálfar, skila ekki tilætluðum árangri og eru ekki nýttar að fullu. Í því ljósi væri réttast að skoða frekar, standi vilji til þess að viðhalda meðferð og ráðstöfun aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir, að lækka heildina niður úr 5,3%. Mikilvægt er að við slíka ráðstöfun verði verðmætum ráðstafað aftur inn í aflahlutdeildarkerfið. Aðeins þannig er bæði hagkvæm nýting nytjastofna og hámarksverðmætasköpun aflaheimilda tryggð. Í því felst hinn mikilvægi efnahagslegi og samfélagslegi ábati.

Samtökin benda að endingu á að matvælaráðherra hefur þegar sett á laggirnar vinnu í tengslum við sjávarútvegsstefnu, þar sem starfshópum er ætlað að sinna nánar og skoða afmarkaða þætti í tengslum við hagkvæma og sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda. Því skýtur það afar skökku við ef þessi þingsályktunartillaga nær fram að ganga, sem gengur raunar þvert gegn þeirri vinnu sem matvælaráðherra hefur þegar sett af stað.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
nefndasvid@althingi.is

Ólafsvík 14.10.2022

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnarkerfisins**

Samtök smærri útgerða leggjast harðlega gegn þessari tillögu.

Ástæður:

- Stækkun félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins um c.a. 50% þýðir auðvitað skerðingu á „venjulegum aflaheimildum“, og grefur þannig undan atvinnurekstri fyrirtækja sem eru að reyna að stunda rekstur allt árið. Það eru fyrirtæki sem skapa atvinnu um allt land, bæði í landi og á sjó. Á sama tíma og aflaheimildir í þorski hafa verið skornar niður umtalsvert, myndi þessi ráðstöfun auka enn á þann tíma sem bátar þessarra fyrirtækja yrðu bundnir við bryggju vegna skorts á veiðiheimildum, með tilheyrandi atvinnuleysi sjómanna og landverkafólks.
- Stækkun félagslega hluta fiskiveiðistjórnunarkerfisins myndi sennilega, með þeim niðurskurði aflaheimilda sem henni myndi fylgja, veita mörgum krókaafلامarksútgerðum sem nú þegar glíma við erfiðar rekstraraðstæður vegna órökstuddra veiðarfæratákmæna og skertan þorskkvóta náðarhöggið. Þar af leiðandi myndi slík ráðstöfun auka á samþjöppun í greininni og fækka smærri útgerðum. Benda má á að fækkun krókaafلامarksútgerða og aukin samþjöppun jókst mjög með tilkomu strandveiðikerfisins.
- Að ofangreindu, og með hliðsjón af reynslu fjölmargra síðustu ára, má sjá að það er rangt sem kemur fram í greinargerð með tillögunni, að svokallaðar félagslegar aðgerðir auki fyrirsjáanleika í greininni. Þvert á móti verða slíkar aðgerðir alltaf duttlungum háðar, eins og sagan kennir okkur.
- Að taka aflaheimildir frá þeim sem reyna að stunda, og skapa, atvinnu allt árið, og færa þær í „pott“ sem aldrei verður nógu stór, er mjög misráðin aðgerð sem stuðlar að sóun verðmæta. Samtök smærri útgerða leggjast gegn slíkri sóun.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka smærri útgerða  
Örvar Marteinson  
formaður



SJÓMANNASAMBAND  
ÍSLANDS



Atvinnuveganefnd Alþingis

Reykjavík 14. október 2022.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, 10. mál.**

Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna og VM-Félag vélstjóra og málmtækninga hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins sem nokkrir þingmenn hafa lagt fram á Alþingi. Rétt er að benda á að innan Sjómannasambands Íslands, Félags skipstjórnarmanna og VM-Félags vélstjóra og málmtækninga eru sjómenn sem hafa atvinnu af sjómennsku og eru launamenn hjá útgerðum þessa lands. Með þingsályktunartillögunni er verið að leggja til að stækka þann hluta sem tekinn er af aflaheimildum hvers árs úr 5,3% í 8,3% af úthlutuðum heildarafla til svokallaðra „félagslegra verkefna“. Verði þetta að veruleika er verið að skerða atvinnumöguleika og þar með tekjur þeirra sjómanna, þ.e. félagsmanna framangreindra samtaka, sem hafa fiskveiðar að atvinnu og færa veiðiheimildir frá þeim til óskilgreindra gæluverkefna í boði stjórnvalda.

Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna og VM-Félag vélstjóra og málmtækninga mótmæla þessari þingsályktunartillögu og telja að þegar hafi verið gengið of langt í að færa veiðiheimildir frá þeim sem hafa atvinnu af fiskveiðum til annarra, þ.e. til þeirra sem selt hafa sig út úr greininni eða til manna sem stunda fiskveiðar í frítíma sínum en hafa megin hluta tekna sinna af annarri atvinnu.


Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er því haldið fram að „félagslegar“ veiðar efli atvinnu. Í þessu samhengi er sérstaklega talað um strandveiðar og áhrif þeirra. Staðreyndin er hins vegar sú að með þeirri tilfærslu á veiðiheimildum sem þegar á sér stað með hinum svokölluðu strandveiðum er verið að stuðla að því að sjómenn sem hafa fiskveiðar að aðalstarfi þurfi að sætta sig við að vera atvinnulausir síðustu mánuði hvers fiskveiðiárs þar sem veiðiheimildirnar hafa verið fluttar frá atvinnuveitendum þeirra til annarra, sem ekki hafa beina atvinnu af fiskveiðum allt árið eins og félagsmenn undirritaðra samtaka. Á þetta er bent hér að framan.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er því einnig haldið fram að strandveiðar séu mótvægi við aukna fákeppni og samþjöppun veiðiheimilda. Strandveiðar hafa lítið með nýliðun í sjávarútvegi að gera og eru ekkert mótvægi við aukna samþjöppun í sjávarútvegi. Alþingi væri nær að lagfæra 13. grein laganna um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um hámarks eignarhald hveftrar útgerðar á aflamarki og hverjir teljist tengdir aðilar í því sambandi. Með lagfæringu á þeirri grein væri tekið á aukinni samþjöppun og fákeppni í greininni. Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna og

VM-Félag vélstjóra og málmteknimanna munu styðja lagfæringu á 13. gr. laganna um stjórn fiskveiða um hámarks eignarhald aðila á veiðiheimildum, en hafna alfarið að stærri hluti veiðiheimilda sé færður í einhvern óskilgreindan félagslegan hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins sem engu skilar, hvorki fyrir þjóðarþúið né brothættar byggðir þessa lands.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

f.h. Félags skipstjórnarmanna,





f.h. VM-Félags vélstjóra og málmteknimanna





Ágæta atvinnuveganefnd.

Strandveiðifélag Íslands styður fyllilega við tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnkerfisins sem lögð var fram

af Bjarna Jónssyni (flm), ásamt meðflutningsmönnum Steinunni Þóru Árnadóttur, Jódísi Skúladóttur, Orra Páli Jóhannssyni og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttu, þann 15. sept. sl.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að Alþingi felur matvælaráðherra að efla félagslega hluta fiskveiðistjórnkerfisins með aukinni hlutdeild þess í heildarafla. Hlutdeildin fari úr 5,3% upp í 8,3%. Ráðherra er einnig falið að endurskoða skiptingu aflamagns innan kerfisins og markmiðum aðgerða innan þess með það að markmiði að efla hlut strandveiða.

Strandveiðar eru skynsamleg byggðastefna og þjóðhagslega mikilvægar.

Þær auka nýliðun, atvinnu, afleidd störf, starfsemi fiskmarkaða og styðja sérstaklega brothættar byggðir.

Þessi aðgerð yki fyrirsjáanleika í viðkvæmri atvinnugrein, minnkaði sveiflur vegna kvótaskerðingar sem hefur meiri áhrif á smærri útgerðir en þær stærri.

Strandveiðar eru nauðsynleg mótvægisáðgerð við aukna samþjöppun og fákeppni í greininni og forsenda þess að kvótalausar fiskvinnslur séu rekstrarhæfar með því að útvega þeim gæðahráefni í gegnum fiskmarkaði.

STÍ vill því að stærsti hluti félagslega kerfisins renni til strandveiða og dagróðrabáta enda hefur sýnt sig að þær nýtast mörgum og eru jákvæðar frá öllum hliðum: Samfélagslegum, efnahagslegum, atvinnu- og fjárhagslegum, umhverfisáhrifum, bæði rafvæðingu og áhrifum á hafsbötn, nýliðun, kvótalausum útgerðum og fiskvinnslum.

Strandveiðum var komið á árið 2009 til að bregðast við álitni mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna um að íslenska kvótakerfið í þáverandi útfærslu væri mannréttindabrot. Árið 2015 ítrekaði nefndin að útfærsla strandveiða uppfyllir enn ekki skilyrði sem nefnd voru í álitinu. Árið 2022 á enn hið sama við.

Við hvetjum því þingheim til að styðja þingsályktunartillöguna enda gæti hún bjargað næstu strandveiðivertíð eftir ófarir síðustu vertíðar.

f.h. stjórnar Strandveiðifélags Íslands

Álfheiður Eymarsdóttir

Frekari upplýsingar: Álfheiður Eymarsdóttir, farsími 7734944, netfang:

[alfa@this.is](mailto:alfa@this.is)



Atvinnuveganefnd Alþingis

*Skagaströnd 31.10.22*

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins, 10. Mál**

Sveitarfélagið Skagaströnd hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins sem nokkrir þingmenn hafa lagt fram á Alþingi. Með tillögunni er lagt til að stækka þann hluta sem tekinn er af aflaheimildum hvers árs úr 5,3% í 8,3% af úthlutuðum aflaheimildum heildarafla.

Sveitarfélagið Skagaströnd styður heilshugar hugmyndir um eflingu félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins. Sjávarbyggðir allt í kringum Ísland hafa liðið fyrir stórfellda samþjöppun aflaheimilda allt frá því að kvótakerfið var tekið upp árið 1984. Hagræðing greinarinnar hefur verið greidd af sjávarbyggðum landsins í formi tapaðra starfa, íbúafækkun og hruni fasteignaverðs. Sjávarbyggðir með undir 500 íbúa voru 25 þann 1. janúar 2019. Hefur íbúum fækkað í öllum nema einni frá 1990, á Grenivík, þar sem íbúafjöldinn hefur staðið í stað. Mest hefur fækkunin hlutfallslega verið á Raufarhöfn þar sem hún var 57% og á Borgarfirði eystri þar sem hún var 53%. Íbúafjöldi þessara 25 byggðarlaga var árið 1990 6.857 en var 1. janúar 2019 kominn niður í 4.695 og hefur því fækkað um rúm 30%. Í dag býr meginþorri þjóðarinnar á, eða í nágrenni við, höfuðborgarsvæðið.

Svokallaður félagslegur hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur verið nýttur til þess að reyna að hafa áhrif á þessa neikvæðu þróun. Sú aðgerð sem vegur þar þyngst eru strandveiðar. Strandveiðar hafa skapað umsvif í höfnum vítt og breytt um landið og hafa ýtt undir nýliðun innan smábátaútgerðar með góðum árangri. Á Skagaströnd hefur smábátaútgerð eflst á undanförunum árum. Í flestum tilfellum er um að ræða miðaldra karlmenn sem hafa stundað sjómennsku á togurum frá því að grunnskólagöngu lauk sem eru að reyna að skapa sér framfærslugrundvöll með strandveiðum, grásleppuveiðum, byggðakvóta og leigu aflaheimilda. Þessi þróun hefur skapað umtalsverða byggðafestu á Skagaströnd þar sem að öllum líkindum hefðu fjölskyldur þessara manna flutt frá Skagaströnd hefðu þessir möguleikar ekki verið til staðar. Á Skagaströnd fengu 25 bátar úthlutað byggðakvóta fiskveiðiárið 21/22 en fiskveiðiárið 03/04 voru einungis 4 bátar sem nutu þessara gæða. Eru þessar upplýsingar til marks um hvernig svokallaður félagslegur hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur komið til styrkingar byggðafestu í Sveitarfélaginu Skagaströnd. Sveitarfélagið Skagaströnd telur að tillaga þingmanna muni styrkja byggð á Skagaströnd enn frekar. Sveitarfélagið telur að áhrifaríkast yrði að beina auknum veiðiheimildum inn í strandveiðikerfið með það að markmiði að tryggja smábátasjómönnum rétt til þess að róa í 48 daga með öllum þeim takmörkunum sem það kerfi inniber.

Sveitarfélagið Skagaströnd telur að þessi 3% aukning innan félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins muni ekki hafa afgerandi áhrif á stöðu núverandi handhafa aflaheimilda í ljósi þess að innan fiskveiðistjórnunarkerfisins er umtalsverður sveigjanleiki. Í



Því sambandi má benda á að á síðasta fiskveiðíári var, eins og undanfarin ár, virkur markaður með aflaheimildir á leigumarkaði. Séu gögn á vef Fiskistofu notuð má sjá að 288.902.332 kg skiptu um hendur á fiskveiðíárinu og verðmæti sem skiptu um hendur í þessum viðskiptum voru samtals 8.643.919.458 kr. Ekki verður séð að það geti verið þjóðhagslega hagkvæmt að halda áfram að úthluta aflaheimildum til aðila sem ekki eru að nýta þær. Í dag eru smábátasjómenn til dæmis tilbúnir að greiða 390kr/kg fyrir hvert kg af þorski áður en haldið er til veiða. Þessir aðilar hljóta því að vera hæfari til þess að nýta þessar heimildir en sá sem er að leigja heimildirnar frá sér.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar

  
Alexandra Jóhannesdóttir  
sveitarstjóri

